

TILLAGA AÐ VETRARSKIPULAGI (Haust 2025)

Eftirfarandi eru hugmyndir að vetrarskipulagi sem ekki er víst að henti öllum. Hver og einn verður að gera sitt vetrarskipulag út frá sínum skóla, skóladagatali og skólasamfélagi. Vinsamleg tilmæli eru þó um að hæð að þyngd barna verði mæld eftir þessu skipulagi en það er fyrst og fremst vegna faraldsfræðilegra rannsókna.

ÁGÚST

- ☐ **Mentor/Námfús/Inna** - Fá aðgang á skrifstofu skólans ef aðgangur ekki til staðar.
- ☐ Færa upplýsingar í Ískrá t.d. [lyfjagjafir](#), [bráðaofnæmi](#), [langvinn veikindi](#) og heimilislækni.
- ☐ [Bráðamappa](#) - fara yfir og uppfæra upplýsingar um bráðveik börn í skólanum.
- ☐ **Hjúkrunarvörur** – fara yfir hjúkrunarvörur í skólanum og ráðleggja með áfyllingu sjúkrakassa og plásturboxa ef þarf. Heilsugæslan kostar þær hjúkrunarvörur sem hjúkrunarfræðingur notar. Sjúkrakassar og aðrar hjúkrunarvörur sem notaðar eru af starfsfólki við slyshjálpu eru kostaðir af skólanum sjálfum
- ☐ **Kynning fyrir nemendur** - fara í bekkina sem fyrst, kynna sig– [Skrá undir „Aðra fræðslu](#).
- ☐ **Upplýsingatölvupóstur til foreldra** - kynning á komandi vetri, viðverutíma og [verksvið heilsuverndar skólabarna](#)
- ☐ **Nemendaverndarráðsfundir**. Fá upplýsingar hjá skólastjórnendum um þá.
- ☐ **Heimasíða skólans** – eru upplýsingar um heilsuvernd skólabarna réttar þar? Notið „[Tillögur að texta á heimasíðu](#)“ sem er á innri síðu
- ☐ **Foreldrafræðslunámskeið** – ef til staðar fyrir foreldra 6 ára barna er gott að kynna sig þar og [heilsugæsluna](#).
- ☐ **Starfsmannafundur skólans** – mæta á þann fyrsta að hausti ef mögulegt er:
 - Kynna sig og viðverutíma sinn
 - Segja frá sérstökum börnum, t.d. börn með bráðaofnæmi, sykursýki o.fl. (bráðamappan)
 - Láta vita hvar sjúkrakassar eru staðsettir og epi-pennar ef við á
 - [Kynna](#) heilsuvernd skólabarna og hvað á erindi til hjúkrunarfræðings

SEPTEMBER

- ☐ Fara yfir listann [„Án heimilistannlæknis“](#) – senda staðlaðan tölvupóst til foreldra – **skrá samskipti**
- ☐ Fara yfir [listann](#) „Ófullnægjandi bólusetningar“ – bjóða bólusetningar sem vantar
- ☐ [Bólusetja](#) börn sem eru ekki með fullnægjandi bólusetningar í samráði við forsjáraðila
- ☐ **Skimun** - **1.bekkur**: [Hæð/þyngd](#) - [Sjón](#) (sjá skráningu frávíka: [hæð/þyngd](#) og [sjón](#)), [Tannskoðun](#) hjá börnum með óskráðan heimilistannlækni og [skrá](#)
- ☐ [Viðtal um heilsu og líðan](#) – **1. Bekkur** – (leiðbeiningar um viðtal eru á innri síðu)
- ☐ Klára skimanir og viðtal um heilsu og líðan ef eftir er frá síðasta skólaári – appelsínugulur gluggi í Ískrá
- ☐ Athuga hvort forgangsfræðslur hafi verið veittar í viðkomandi árgöngum og skipuleggja fræðslu ef vantar.
- ☐ **Fræðsla**: - **7. Bekkur**: Ónæmisaðgerðir
 - ☐ **Foreldrar upplýstir** með tölvupósti
- ☐ [Bólusetja](#) nemendur í **7. bekk** með [MMR](#) og [Gardasil 9](#). Muna að [skrá bólusetningu](#) / [höfnun](#)

Munið að [skrá fræðslurnar](#) þegar þeim er lokið og að foreldrar hafi verið upplýstir!!

OKTÓBER

- ☐ **Skimun** - 7.bekkur: [Hæð/byngd](#) - [Sjón](#) (sjá skráningu frávíka: [hæð/byngd](#) og [sjón](#)), [Tannskoðun](#) hjá börnum með óskráðan heimilistannlækni og [skrá](#)
- ☐ [Viðtal um heilsu og líðan](#) – 7. Bekkur (leiðbeiningar um viðtal eru á innri síðu)
- ☐ **Fræðsla** – 4. Bekkur: [Kvíði](#) (fræðsluefni á innri síðu)
 - ☐ **Foreldrar upplýstir** með tölvupósti
- ☐ **Fræðsla** - 10. Bekkur: [Geðheilbrigði](#) (fræðsluefni á innri síðu)
 - ☐ **Foreldrar upplýstir** með tölvupósti

NÓVEMBER

- ☐ **Skimun** - 4.bekkur: [Hæð/byngd](#) - [Sjón](#) (sjá skráningu frávíka: [hæð/byngd](#) og [sjón](#)), [Tannskoðun](#) hjá börnum með óskráðan heimilistannlækni og [skrá](#)
- ☐ [Viðtal um heilsu og líðan](#) – 4. Bekkur (leiðbeiningar um viðtal eru á innri síðu)
- ☐ **Fræðsla** - 6. Bekkur: [Kynþroskinn](#) (fræðsluefni á innri síðu og verkefnabók kemur frá Þíh fyrir tvo árganga annað hvert ár)
 - ☐ **Foreldrar upplýstir** með tölvupósti
- ☐ **Fræðsla** - 6. Bekkur: Endurlífgun (fræðsluefni á innri síðu, dúkkur á vegum heilsugæslustöðva)
 - ☐ **Foreldrar upplýstir** með tölvupósti

DESEMBER

- ☐ **Fræðsla** - 8. Bekkur: Endurlífgun - (fræðsluefni á innri síðu, dúkkur á vegum heilsugæslustöðva)
 - ☐ **Foreldrar upplýstir** með tölvupósti
- ☐ **Fræðsla** - 10. Bekkur: Endurlífgun (fræðsluefni á innri síðu – dúkkur á vegum heilsugæslustöðva)
 - ☐ **Foreldrar upplýstir** með tölvupósti
- ☐ Yfirfara listann **ónæmisaðgerðir ófullnægjandi** og vinna í að nemandi sé með fulln. Bólusetn.stöðu
- ☐ Athuga í Mentor hvort hafi komið einhverjir **nýnemar** í skólann sem á eftir að [nýskrá](#) í Ískrá.

JANÚAR

- ☐ **Skimun** - 9.bekkur: [Hæð/byngd](#) - [Sjón](#) (sjá skráningu frávíka: [hæð/byngd](#) og [sjón](#)), [Tannskoðun](#) hjá börnum með óskráðan heimilistannlækni og [skrá](#)
- ☐ [Viðtal um heilsu og líðan](#) – 9. Bekkur (leiðbeiningar um viðtal eru á innri síðu)
- ☐ **Fræðsla** - 9. Bekkur: [Ónæmisaðgerðir](#)
 - ☐ **Foreldrar upplýstir** með tölvupósti
- ☐ **Bólusetja** nemendur í 9. bekk með [Repevax](#). Ath. ófullnægjandi bólusetta nemendur í 9. Bekk og klára þá bólusetningu sem vantar um leið og Repevax er gefið (fá samþykki forsjáraðila fyrir því).
- ☐ **Fræðsla** - 9. Bekkur: [Kynheilbrigði](#) (fræðsluefni á innri síðu)
 - ☐ **Foreldrar upplýstir** með tölvupósti

FEBRÚAR

- ☐ **Fræðsla - 3. Bekkur:** 6h – heilsunnar – verkefni (fræðsluefni og verkefni á innri síðu)
 - ☐ **Foreldrar upplýstir** með tölvupósti
- ☐ **Fræðsla - 4. Bekkur:** Slysavarnir (11. Febrúar, 112 dagurinn) (fræðsluefni á innri síðu)
 - ☐ **Foreldrar upplýstir** sem tölvupósti
- ☐ **Fræðsla - 8. Bekkur:** Hugrekki (fræðsluefni á innri síðu)
 - ☐ **Foreldrar upplýstir** með tölvupósti
- ☐ **Fræðsla - 8. Bekkur:** Sjálfsmynd og samskipti (fræðsluefni á innri síðu)
 - ☐ **Foreldrar upplýstir** með tölvupósti

MARS

- ☐ **Fræðsla - 1. Bekkur:** Líkaminn minn (fræðsluefni samanstendur að bók fyrir hj.fr. og tilfinningapúðum)
 - ☐ **Foreldrar upplýstir** sem tölvupósti
- ☐ **Fræðsla - 2. Bekkur:** Tilfinningar (fræðsluefni á innri síðu)
 - ☐ **Foreldrar upplýstir** með tölvupósti
- ☐ **Fræðsla - 5. Bekkur:** Hamingja/samskipti (fræðsluefni á innri síðu)
 - ☐ **Foreldrar upplýstir** með tölvupósti
- ☐ **Fræðsla - 10. Bekkur:** Ábyrgð á eigin heilsu (fræðsluefni á innri síðu)
 - ☐ **Foreldrar upplýstir** með tölvupósti

APRÍL

- ☐ **Bólusetja** nemendur í 7. Bekk með Gardasil 9 (seinni sprauta). Ath. ófullnægjandi bólusetta nemendur í 7. Bekk og klára þá bólusetningu sem vantar um leið og Gardasil 9 er gefið (fá samþykki forsjáraðila fyrir því)
- ☐ Yfirfara listann ,**ónæmisaðgerðir ófullnægjandi** og vinna í að nemendur séu með fulln. bólusetn.stöðu
- ☐ *Eru allir nemendur í 10. Bekk með ,Fullnægjandi' bólusetningastöðu? Klára þá sem eftir eru.*

MAÍ

- ☐ **Fræðsla - 1. Bekkur:** Hjálmافرæðsla (fræðsluefni á innri síðu, eggjahjálmar á vegum heilugæslustöðva)
 - ☐ **Foreldrar upplýstir** með tölvupósti
- ☐ Yfirfara listana um óskráða ,Hæð/þyngd' – ,sjón' – skyldufræðslu – ,viðtal' – **er allt skráð sem á að vera skráð?**
- ☐ Fara yfir listann ,Ókláruð samskipti' og **klára** samskiptin sem eru þar.